

Kynning á handbók. Fulltrúar Ungmennaráðs Suðurlands. Finna má handbókina á Sass.is (takki neðst sem heitir Ungmennaráð).

Mikilvægt að kynna starf ungmennaráð – til dæmis senda reglulega tilkynningar í Pésann eða facebook. Ungmennaráð er rödd unga fólksins í sveitarfélaginu sem kemur sínu á framfæri til sveitarstjórnar/stjórnsýslu. Um það bil 38 % af íbúum eru „ungmenn“ (0-25 ára).

Starfsmaður mjög mikilvægur, einkum í byrjun. Að virkja, kenna á „kerfið“ og að gera fundargerðir o.fl. Starfsmaðurinn passar uppá að fundir séu „góðir“ og að allir fái að tala. Hann þarf að undirbúa sig vel fyrir fundi.

Þekkt vandamál að starfsmaðurinn fái of lítinn tíma og svigrúm í byrjun verkefnisins, td. auka tímar, endurmenntun.

Halda stofnfund – gera eitthvað skemmtilegt, skipa í störf, hópefli mikilvægt.

Fá strax verkefni! Annars er hætta á að áhuginn dofni.

Hugmynd um verkefni: Hanna útisvæði, skipuleggja skemmtidag eða annan viðburð. Halda ungmennaping með fræðslu og fyrirlestrum.

Halda fundi oftár en tvisvar á ári. Helst mánaðarlega ásamt amk. 1 fundi með sveitarstjórn, (ef hægt áður en fjárhagsáætlun er gerð). Ungmennaráð setji sínar eigin siðareglur.

Athuga hvort gott væri að fella út reglu um að fulltrúar ráðsins geti hámark verið í 2 ár, því reynslan segir að fulltrúar eflist með tímanum. Auk þess kemur sjálfkrafa endurnýjun, meðal annars úr skólanum, félagsmiðstöðinni o.fl.

Örfundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps að kynningu lokinni.

Mættir eru:

Anna Marý, Sigríður Helga, Máni Snær, Óskar Snorri, Kristjana, Bartek.

Ásamt Rúnari úr Ungmennaráði Suðurlands og Maju starfsmanni.

Vantar Viktor Mána.

Eina málið á dagskrá örfundarins er að finna hentuga dagsetningu fyrir næsta fund.

Rætt var um hentugan fundartíma sem reyndist nokkuð erfitt þar sem allir hafa mikið að gera. Það var þó að lokum ákveðið að halda fyrsta alvöru fund miðvikudaginn 1. nóvember kl. 19.00.

Vangaveltur starfsmanns ganga út á að fara jafnvel í bíltúr saman til að þjappa hópinn aðeins saman, ef hægt væri að fá hreppsbílinn, og fara síðan eitthvert í mat eftir fund.

Fundi slitið.